

REGLUGERÐ
um (1.) breytingu á reglugerð nr. 957/2020,
um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Til viðbótar við ákvæði reglugerðar þessarar skulu á gildistíma hennar gilda eftirfarandi takmarkanir í sveitarfélögunum Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ, Kjósarhreppi, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ og Kópavogsbæ:

- a. Í verslunum skv. 3. mgr. 3. gr. er viðskiptavinum skylt að bera andlitsgrímur ef ekki er hægt að tryggja a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum.
- b. Í stað 1 metra nálægðartakmörkunar í 4. gr. skal nálægðartakmörkun vera 2 metrar.
- c. Þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 6. gr. er líkamsrækt, íþróttastarf og sambærileg starfsemi sem krefst snertingar eða hætta er á snertingu milli fólks eða starfsemin krefst mikillar nálægðar eða þar sem notkun á sameiginlegum búnaði getur haft smithættu í för með sér óheimil innandyra.
- d. Þrátt fyrir 3. og 7. mgr. 5. gr. skulu áhorfendur á íþróttaviðburðum utandyra ekki vera fleiri en 20 í hverju rými.
- e. Í stað 100 gesta hámarks í 7. mgr. 5. gr. skal vera 20 gesta hámark.
- f. Aðrir veitingastaðir en þeir sem eru lokaðir samkvæmt ákvæði 1. mgr. 6. gr. skulu ekki hafa opið lengur en til kl. 21.00.
- g. Þrátt fyrir 6. mgr. 6. gr. skal loka sund- og baðstöðum.
- h. Þrátt fyrir 2. mgr. 4. gr. er starfsemi og þjónusta sem krefst snertingar eða hætta er á snertingu milli fólks eða mikillar nálægðar óheimil, svo sem starfsemi hárgreiðslustofa, snyrtistofa, nuddstofa, húðflúrstofa, hundasnyrtistofa og önnur sambærileg starfsemi. Takmarkanir þessar taka ekki til starfsemi heilbrigðisstarfsmanna við veitingu heilbrigðisþjónustu en í þeim tilvikum er skylt að notast við andlitsgrímur. Ákvæði þetta tekur ekki til innanlandsflugs og -ferja, leigubifreiða, hópbifreiða og almenningssamgangna.
- i. Takmarkanir samkvæmt ákvæði þessu gilda ekki um börn fædd 2005 og síðar. Í því felst m.a. að þrátt fyrir lokun sundstaða er heimilt að halda úti skólasundi og þrátt fyrir takmarkanir á íþróttastarfi er íþróttastarfsemi og æskulýðsstarfsemi og tómstundir barna fæddra 2005 og síðar heimil. Aftur á móti skulu keppnisviðburðir barna fæddra 2005 og síðar þar sem hætta er á blöndun hópa umfram hefðbundnar æfingar ekki fara fram á gildistíma reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur gildi 7. október 2020.

Heilbrigðisráðuneytinu, 6. október 2020.

F. h.r.
Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.